

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 27.10.2022
UST202202-342/G.S.O.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. október 2022 þar sem fram kom að fimm frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Málningu hf. að Dalvegi 18 í Kópavogi. Þann 21. október 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Hiti í efnageymslu er samkvæmt síríta ítrekað yfir 20°C. Ætandi efni eru geymd í hillum ásamt öðrum efnum og ekki í lekabyttu. Niðurfall við innkeyrslu hefur ekki verið varið gegn því að það renni af gólfi geymslunnar ofan í niðurfallið. **Búið er að lækka hitastig í hráefnageymslu. Ætandi efni eru nú geymd í lekabyttum. Kantur hefur verið steypdur (þó öfugu megin við niðurfallið) og niðurfallinu hefur verið lokað. Frávikinu var lokað með bréfi 3. október 2022.**
- 2. Gr. 4.6 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Fullnægjandi grænu bókhaldi vegna 2021 var ekki skilað fyrir 1 maí 2022. **Grænu bókhaldi var skilað þann 2. september 2022 og frávikinu lokað með bréfi 3. október 2022.**
- 3. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðila er heimilt að framleiða ákveðið magn samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili getur ekki sýnt fram á framleitt magn. **Samkvæmt úrbótaáætlun verða framleiðslutölur framvegis hluti af grænu bókhaldi.**
- 4. Gr 3.8 í starfsleyfi.** Samkvæmt starfsleyfi skal skrá sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olúskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þess háttar. Einnig skal fylgjast með uppsöfnun í olúskiljur. Ekkert af þessu er skráð. **Samkvæmt úrbótaáætlun verður komið á ferli með losunaraðila er varðar losun og viðhald á skiljum og þróm. Öll skráning verður gerð í rafræna handbók sem verður aðgengileg í næstu úttekt. Áætluð verklok eru 31. desember 2022.**
- 5. Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Engar skráningar eru til yfir þá rekstrarþætti sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið sbr. gr. 4.1. **Samkvæmt úrbótaáætlun verða skráningar gerðar á mengunaróhöppum eða einhvers konar losun út í umhverfið. Skráningarnar verða aðgengilegar í rafrænni handbók. Áætluð verklok eru 31. desember 2022.**

Tvö eldri frávik voru eftirstandandi:

1. **Gr. 2.5 í starfsleyfi.** Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k. fjögurra ára fresti. **Áhættumat og viðbragðsáætlun hafa nú verið uppfærð og verða hluti af gæðahandbók rekstraraðila.**
2. **Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Skrá skal m.a. hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Hitastig í leysiefnageymslu hefur ekki verið skráð í samræmi við starfsleyfi. Frávik þessa efnis var einnig skráð 2018 og 2021. **Hitamæli hefur verið komið fyrir í leysiefnageymslunni. Frávikinu var lokað með bréfi 3. október 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur